

Fundargerð 448. fundar framkvæmdanefndar búvörusamninga, fjarfundur haldinn á Teams, þriðjudaginn 9. mars 2021. Fundur hófst kl. 14:00. Til fundarins var boðið með dagskrá.

Þátttakendur: Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður nefndarinnar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR), Arnar Freyr Einarsson, nefndarmaður og sérfræðingur hjá ANR, Gunnar Þorgeirsson, nefndarmaður og formaður Bændasamtaka Íslands, Katrín María Andrésdóttir, nefndarmaður og framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður Landsamtaka kúabænda, áheyrnarfulltrúi og Jón Baldur Lorange, starfsmaður nefndarinnar og sérfræðingur hjá ANR, sem ritaði fundargerð. Fundinn sátu einnig: Sigurður Eypórsson, verkefnisstjóri hjá ANR og Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, sem gestir.

1. **Tillaga Landssamtaka sauðfjárbænda um að ónýttar beingreiðslur ársins 2020** verði greiddar á grunni gæðastýringar ársins 2020 og greiddar sem fyrst til bænda í einni greiðslu, lögð fyrir fundinn en ekki tekin til afgreiðslu.
2. Samningur við Landgræðslu ríkisins til eins árs, 2021, um eftirlit með landnýtingarþætti gæðastýrðrar sauðfjárframleiðslu var samþykktur. Samhliða var eftirfarandi bókun samþykkt: „Samþykkt með fyrirvara um að framtíðarskipan þessa máls liggi fyrir og taki gildi 1. janúar 2022. Nauðsynlegt er að taka tillit til gerðar landbúnaðarstefnu, aðgerðaáætlunar vegna byggðaáætlunar og fleiri stefnumótandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda þegar reglugerð um sjálfbæra nýtingu lands er sett og eftir henni unnið.“
3. **Kynning og umræða um mælaborð landbúnaðarins.**
4. **Breytingar á reglugerð um almennan stuðning við landbúnað.**
 - a. Próunarverkefni búgreina. Umfjöllun um að umsóknarfrestur próunarverkefna búgreina verði færður til frá 1. apríl til 1. maí annars vegar og að ein úthlutun verði á ári í stað tveggja eins og nú er. Ekki gerðar athugasemdir við að færa umsóknarfrest til 1. maí á árinu en vilji til að hafa áfram tvær úthlutanir.
 - b. Stuðningur vegna ágangs álfta og gæsa á ræktunarlandi bænda. Framkvæmdnefnd ákveður nú hvort nota eigi heimild til þessa stuðnings. Tillaga um að framkvæmdanefnd þurfi ekki að samþykkja árlega slíka heimild, heldur greiðist þessi stuðningur ef skilyrði fyrir stuðningi eru uppfyllt. Engar athugasemdir gerðar við þessa tillögu.
5. Önnur mál.
 - a. Beiðni SAM um leiðréttingu á útflutningsskyldu mjólkur.
 - b. Ríkisreikningur 2019.